

**Nr. 090 / 10 Gunnar Bjarnason SH 122*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2462  
Smíðaður: Kína 2001, stál  
Stærð: 100 brl. 122 bt.  
Mesta lengd: 23,99 m Skráð lengd: 21,64 m  
Breidd: 6,4 m Dýpt: 3,2 m  
Vél: Cummins 448 kW, 2000  
Fjöldi skipverja: 5



Gunnar Bjarnason©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 26. nóvember 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

***Atvikalýsing:***

Þann 9. júní 2010 var Gunnar Bjarnason SH 122 staddur norður af Rifi á leið til hafnar í Ólafsvík. Veður: Hægviðri.

Skipverji sem var að fara niður í lest ætlaði að stíga niður í tómt fiskikar sem átti að standa ofan á öðru kari. Það var búið að taka það kar þannig að hann féll niður í neðra karið. Hann lenti með hægri síðu á brún þess með þeim afleiðingum að hann rifbeinsbrotnaði.

***Við rannsókn kom fram:***

- að sögn slasaða eru ávallt geymd tvö kör neðan við stigann og þá er stigið niður í efra karið þegar farið er niður í lestina. Skipverji í lest hafði tekið efra karið án þess að slasaði vissi af því.

***Nefndarálit:***

Orsök slyssins var óaðgæsla slasaða.